

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Félagsliðabraut

Menntamálaráðuneytið
2001

Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls. 3
Inntökuskilyrði.....	bls. 3
Skipulag náms.....	bls. 3
Vinnustaðanám.....	bls. 3
Nám og kennsla.....	bls. 4
Mat á starfsreynslu.....	bls. 4
Námsmat.....	bls. 5
Lokamarkmið	bls. 5
Brautarlýsing.....	bls. 6
Áfangalýsingar.....	bls. 7-27

Inngangur

Miklar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum og áratugum í þjónustu við þá sem þurfa sérstaka aðstoð. Ýmislegt kemur þar til og má í því sambandi nefna að fjöldi þeirra sem eiga rétt á sértækri þjónustu hefur aukist verulega. Jafnframt hafa þær kröfur sem gerðar eru til velferðarþjónustunnar vaxið og kröfur um aukin gæði orðið æ meira áberandi í umræðunni. Starfsvettvangur félagsliða spannar mjög vítt svið og má þar nefna sérhæfða þjónustu í formi aðstoðar og umönnunar við börn og unglunga í félagslegum vanda, þjónustu við fötluð börn og unglunga, og börn og unglunga sem eru með geðraskanir. Starfið felur einnig í sér aðstoð og umönnun einstaklinga og fjölskyldna vegna sjúkdóma eða fötlunar og síðast en ekki síst veita félagsliðar öldruðum þjónustu og annast um þá. Þeir sem sinna þessu starfi nú eru fjölmargir og starfsvettvangur þeirra fjölbreyttur og nær til alls landsins.

Tilgangur náms og kennslu á félagsliðabraut er að styrkja og bæta stöðu þeirra sem sinna einstaklingum sem þurfa sérstaka aðstoð. Námi og kennslu á brautinni er ætlað að auka skilning og þekkingu nemenda á þörfum þeirra sem þurfa sérhæfða þjónustu. Markmiðið er að gera nemendur færari um að styrkja jákvæða sjálfsmýnd skjólstaðinga sinna, stuðla að auknu sjálfstæði þeirra og gera þá færari um að sinna athöfnum daglegs lífs. Kynntar eru aðferðir til að greina, skilja og virða þarfir fólks, auk þess sem stefnt er að því að auka lífsgæði þeirra sem þjónustunnar njóta, bæði líkamlega, efnislega, félagslega og tilfinningalega. Stöðugt er leitast við að vekja athygli á manngildi og leita nýrra leiða til að þróa og betrubæta þjónustuna.

Námskráin lýsir skipulagi náms á félagsliðabraut og gerð er grein fyrir markmiðum brautarinnar. Færnikröfur eru útfærðar nánar í einstökum námsáföngum. Framhaldsskólar sem bjóða nám á félagsliðabraut útfæra nánar markmið námskrár.

Við lok náms í framhaldsskóla hefja nemendur vinnustaðanáms sem er skipulagt sem sjálfstæð 4 mánaða starfsþjálfun úti á stofnunum innan heilbrigðis- og félagsþjónustu. Markmið vinnustaðanáms er að þjálfar nemendur í vinnuferlum og auka hæfni þeirra á atvinnumarkaði, þjálfar þá til samvinnu á vinnustað og auka getu þeirra til þess að takast á við raunverulegar aðstæður úti í stofnunum samfélagsins. Nám félagsliða er á sviði félags- og umönnunarþjónustu og á að veita nemendum góða undirstöðupekkingu til starfa á sviði félagsþjónustu og umönnunar.

Inntökuskilyrði

Skilyrði til innritunar í nám á félagsliðabraut er að nemendur hafi lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og einnig lokið samræmdum lokaprófum í íslensku og stærðfræði og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum 2. gr. reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000.

Skipulag náms

Nám og kennsla á félagsliðabraut skiptist í almennar bóklegar greinar, sérgreinar og vinnustaðanáms. Bóklegt nám er samtals 16 einingar, sérgreinar félagsliðabrautar eru 49 einingar, þar af hafa nemendur val um sérhæfingu á sviði fötlunar eða öldrunarþjónustu. Sérhæfingin er 7 einingar á hvoru sviði og geta nemendur tekið bæði sviðin ef þeir kjósa. Vinnustaðanáms er skipulagt sem 4 mánaða starfsþjálfun er fram fer á stofnunum sem viðkomandi framhaldsskólar viðurkenna. Starfsþjálfun er metin til 16 eininga. Nám á félagsliðabraut er samtals 81 eining.

Vinnustaðanáms

Vinnustaðanáms er skipulagt sem 4 mánaða starfsþjálfun og hefst að lokinni 3. námsönn. Tilgangur vinnustaðanáms er að gera nemendur hæfari til þess að takast á við raunveruleg verkefni og þjálfar þá í því að sinna mismunandi þörfum einstaklinga, þjálfar færni þeirra og fagleg vinnubrögð. Gert er ráð fyrir að ferillbók fylgi nemandanum þar sem gerð er grein fyrir verklegri þjálfun hans í vinnustaðanáminu – verkefnum lýst og mat lagt á framgöngu hans, vinnulag, vinnuhraða og starfshæfni.

Vinnustaðanámið er skipulagt út frá lokamarkmiðum náms í skóla. Stofnun sem gerir samning um þjálfun nemenda á vinnustað skuldbindur sig til að fylgja þeim markmiðum sem tilgreind eru fyrir félagsliðabrautina og að framfylgja þeim námsþáttum, verklegri þjálfun og faglegum vinnubrögðum nemandans sem eru tilgreind fyrir starfsnámið. Mælt er með því að þeir sem skipuleggja vinnustaðanám hafi jafnframt umsjón með skráningu í ferilbók nemandans fyrir hönd viðkomandi stofnunar, en að nemandi og yfirmaður hans beri sameiginlega ábyrgð á færslu bókarinnar.

Nám og kennsla

Hlutverk náms á félagsliðabraut er að búa nemendur undir störf sem hafa að markmiði að aðstoða, veita umönnun og styðja þá sem þessa þurfa í heimahúsum og á stofnunum. Um er að ræða fjögurra anna nám í skóla, auk fjögurra mánaða starfsþjálfunar í heimaþjónustu eða á stofnunum, samtals 81 einingu. Námið á að veita nemendum góða undirstöðuþekkingu til starfa á sviði félagsþjónustu og umönnunar.

Mælt er með því að nemendur sem hafa ekki lokið námi í tölvufræðum eða upplýsingatækni taki áfangann UTN 103 eða TÖL103. Þá er æskilegt að nemendur, sem ekki hafa nægilega reynslu af ritun heimildaritgerða taki íslenskuáfangann ÍSL 212. Sálfræðiáfanginn SÁL 123, sem var saminn sérstaklega fyrir þessa námsbraut, er talinn veita nægilegan undirbúning fyrir nám í SÁL 303.

Þegar kennsla á brautinni er skipulögð er mikilvægt að kennarar leitist við að fylgja markmiðum námskrár um að þjálfa verklega færni nemenda og auka skilning þeirra á mikilvægi faglegra vinnubragða í greininni. Lögð er áhersla á að þjálfa færni til þess að takast á við raunveruleg viðfangsefni þar sem fyrirmæli – verklýsing og vinnuaðferðir, liggja fyrir en jafnframt verði leitast við að þjálfa nemendur til þess að takast á við ófyrirséð verkefni og aðstæður þar sem lausnir liggja ekki í augum uppi. Leit að lausnum krefst bæði hugkvæmni, hæfni í samskiptum og rökvísi sem mikilvægt er að þjálfa með nemendum.

Markmið náms og kennslu í framhaldsskóla er að gera nemendur hæfari í starfsgrein sinni og þjálfa verklega færni sem nýtist þeim til starfa á atvinnumarkaði. Krafan um aukin gæði og aukna þjónustu stofnana og fyrirtækja er stöðug og vaxandi, því er það mikilvægt að fagfólk á sviði félagsþjónustu hugi vel að möguleikum sínum til símenntunar.

Í námskrá félagsliðabrautar er lögð áhersla á að rækta jákvæð viðhorf til gæða og umbóta í þjónustu. Við skipulag kennslu er mikilvægt að taka mið af þörfum starfsgreina um vel þjálfað starfsfólk og mælt er með samvinnu skóla og stofnana eins og kostur er.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er lögð mikil áhersla á að nemandinn kynnist notagildi upplýsinga- og samskiptatækni og læri að beita henni í námi sínu. Möguleikar til að afla upplýsinga, meðhöndla og miðla ýmiss konar gögnum hafa gjörbreyst með tilkomu upplýsinga- og samskiptatækni þó að aðrar upplýsingaveitir, s.s. prentað mál og myndmál, haldi gildi sínu.

Nám og kennsla félagsliða miðast við að þjálfa undirstöðumenntun í aðhlyningu og þjónustu við skilgreinda hópa í samfélaginu og auka færni þeirra í að veita þjónustu, þjálfa sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra og miða að því að þjálfa færni og hæfni nemenda til þess að standast kröfur starfsgreinarinnar um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Tilgangur félagsliðabrautar er að undirbúa nemendur undir störf á sviði félagsþjónustu.

Mat á starfsreynslu

Þeir sem hafa reynslu af störfum félagsliða og hyggja á nám á félagsliðabraut, geta óskað eftir stöðuprófi eða mati í verklegum og bóklegum greinum áður en kennsla hefst. Verkleg stöðupróf fara alla jafna fram við þann skóla sem býður fram nám á viðkomandi námsbraut, eftir því sem tilefni gefst til. Stöðupróf í bóklegum greinum eru auglýst sérstaklega. Námsmat í bóklegum greinum fer eftir almennum reglum um mat á námi úr öðrum skólum og greint er frá í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneytið gefur út leiðbeinandi reglur um mat á menntun sem aflað er utan hefðbundins skólakerfis.

Námsmat

Tilgangur námsmats er m.a. að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér þau markmið sem sett eru í viðkomandi áföngum. Kennarar eru hvattir til þess að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu á félagsliðabraut. Reynt skal að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um árangur nemenda og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og skólinn setur. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar.

Sú vitneskja, sem námsmatið veitir, hjálpar hverjum kennara að setja sér ný markmið og gefur oft tilefni til breytinga á námsefni, niðurröðun þess á skólaárið og kennsluaðferðum. Þá getur námsmat í félagsliðagreinum verið mikilvægt tæki til að hafa áhrif á nemendur svo að námsárangur þeirra verði betri. Námsmatið gefur nemendum möguleika á því að fylgjast með eigin árangri í námi. Slíkt leiðir í flestum tilvikum til aukins áhuga og betri árangurs. Í kennslunni eru margir möguleikar á því að kanna og meta námsárangur og afkastagetu nemenda. Dæmi um möguleika á útfærslu námsmats eru verkefni af ýmsu tagi sem nemendur leysa í kennslustundum eða í heimavinnu. Einnig má nefna skrifleg eða verkleg próf sem lögð eru fyrir nemendur. Gert er ráð fyrir því að ferillbók fylgi nemandanum þar sem gerð er grein fyrir framvindu námsins.

Námsmat byggist m.a. á

- ?? verkefnum sem nemandi vinnur sjálfstætt í kennslustundum og utan þeirra
- ?? frammistöðu í kennslustundum og árangri á skyndiprófum
- ?? skriflegu lokaprófi sem reynir á þekkingu á efnisatriðum og rök fyrir tengslum ólkra efnispáttu.

Lokamarkmið náms og kennslu á félagsliðabraut

Nemandi

- ?? öðlist skilning á þörfum þeirra sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda
- ?? læri að eiga samskipti við skjólstæðinga á faglegan og uppbyggilegan hátt
- ?? læri að efla sjálfstæði skjólstæðinga eins og kostur er
- ?? kunni að beita skipulögðum vinnubrögðum í þjónustu við skjólstæðinga
- ?? tileinki sér fagaða framkomu
- ?? temji sér vandaða umgengni og frágang á vinnustað
- ?? tileinki sér vönduð vinnubrögð og gæði í þjónustu
- ?? geti greint einstaklingsþarfir skjólstæðinga, skilið og virt óskir fólks sem þjónustunnar nýtur
- ?? öðlist þekkingu á réttri líkamsstöðu við störf félagsliða
- ?? þekki félags-, heilbrigðis- og tryggingakerfi á Íslandi og geti miðlað upplýsingum til annarra
- ?? fái aukinn skilning og þekkingu á þörfum þeirra sem þurfa sérhæfða þjónustu
- ?? geti þjálfað færni skjólstæðinga í athöfnum daglegs lífs
- ?? læri að stuðla að auknum lífsgæðum skjólstæðinga sinna, hvort heldur er líkamlegum, efnislegum, félagslegum eða tilfinningalegum
- ?? öðlist virðingu fyrir manngildi hverrar manneskju
- ?? leiti stöðugt nýrra leiða við að þróa og bæta þjónustu
- ?? öðlist færni í heimilishaldi, skipulagi í innkaupum og heimilisþrifum

Brautarlýsing**81 ein.****Almennt bóklegt nám.....**16 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Enska	ENS 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 182/ + 2 ein	2 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201	3 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.

Sérgreinar..... 49 ein.

Aðstoð og umönnun	ASU 104	4 ein.
Félagsfræði	FÉL 123/FÉL103	3 ein.
Félagsleg virkni	FÉV 102	2 ein.
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	FJF 103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Hjálpartæki	HJÁ 101	1 ein.
Hússtjórn og matreiðsla	HÚS 103	3 ein.
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.
Lyfjafræði félagsliða	LYF 113	3 ein.
Næringarfræði	NÆR 102	2 ein.
Sálfræði	SÁL 123, 303	6 ein.
Samskipti	SAM 112	2 ein.
Siðfræði	SIÐ 122	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Umsjón og öryggi	UMÖ 101	1 ein.
Uppeldisfræði	UPP 122	2 ein.
Viðbrögð við áföllum og sorg	VÁS 102	2 ein.
Vinnan og vinnumarkaðurinn	VVM 101	1 ein.

Val 7 einingar. Nemendur geta valið eða tekið hvort tveggja:

Öldrunarferli	ÖLD 105	5 ein.
Samfélagsþjónusta aldraðra	SFA 102	2 ein.

eða

Fötlun	FTL103	3 ein.
Fötlun og samfélag	FOS 104	4 ein.

Vinnustaðanám.....16 ein.

Áfangalýsingar

ASU 104 Aðstoð og umönnun

Undanfari: HBF 103

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um undirstöðuatriði aðstoðar og umönnunar ásamt hugmyndafræði og grunnatriðum hennar. Lögð er áhersla á heimilismanninn, heimilið og nánasta umhverfi. Farið er í samskipti við umönnun blindra, sjónskertra, heyrnarskertra, heyrnarlausra og daufblindra. Kennst er að meta sjálfsbjargargetu og rætt um stuðning við athafnir daglegs lífs. Farið er yfir einfaldar athuganir og eftirlit og lögð áhersla á mikilvægi þess að koma upplýsingum til skila til réttra aðila. Lögð er áhersla á sýkingavarnir og rétt vinnubrögð til varnar sýkingum. Fjallað er um umgengni þegar aðstoð og umönnun er veitt. Fjallað um mikilvægi góðs vinnuumhverfis. Kennst verður á ýmis algeng hjúkrunargögn og tæki. Verklegar æfingar í aðstoð við athafnir daglegs lífs. Farið verður í vettvangsheimisóknir.

Meginmarkmið

Að nemendur búi yfir þekkingu og færni til að veita aðstoð og umönnun þar sem hennar er þörf s.s. í heimahúsum, við fatlaða, geðsjúka og aldraða.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? átti sig á því hve mikilvægt er að bera virðingu fyrir einstaklingnum og hafi skilning á mikilvægi þess að virða trúnað
- ?? fái þjálfun í að skilja mismunandi viðhorf og þarfir einstaklings og fjölskyldu
- ?? þekki og geti metið sjálfsbjargargetu fólks
- ?? þekki grundvallaratriði umönnunar og sé fær um að sinna og aðstoða við grundvallarathafnir daglegs lífs (ADL)
- ?? þekki grundvallaratriði sýkingavarna og kunni að nýta sér þau við störf sín
- ?? þekki og geti notað algeng hjúkrunargögn og hjálpartæki
- ?? þjálfist í samskiptum við ólíka hópa
- ?? þekki mikilvægi næringar, reglur um matarskömmun og kunni að aðstoða fólk við að matast
- ?? hafi skilning á mikilvægi húðumhirðu og sýni fram á kunnáttu við umhirðu húðar
- ?? kunni að umgangast einstaklinga á eigin heimili og á stofnunum
- ?? kunni réttan handþvott samkvæmt smitgátarreglum
- ?? geti framkvæmt einfaldar athuganir eins og að mæla hita í munni (oralt), í endaparm (rectalt), í handarkrika (axillert)
- ?? geti veitt blindum, sjónskertum, heyrnarskertum, heyrnarlausum og daufblindum umönnun
- ?? sýni fram á þekkingu á hjálpartækjum sem blindir, sjónskertir, heyrnarskertir, heyrnarlausir og daufblindir nota og geti aðstoðað við notkun þeirra
- ?? geti veitt aðstoð við almenna húð- og munnhirðu
- ?? geti sinnt eftirliti með þvagleka, bleyjunotkun og uridom
- ?? geti tæmt þvaggpoka með smitgátarvinnubrögð að leiðarljósi
- ?? geti aðstoðað einstakling við að fara úr og í rúm/hjólstól
- ?? kunni að hagræða einstaklingi í rúmi með tilliti til legusáravarna
- ?? beiti líkama rétt við vinnu sína

Efnisatriði

Trúnaður, þarfir, ADL, sjálfsbjargargeta, sýkingavarnir, hjúkrunargögn, samskipti, að matast, næring, húðumhirða, legusáravarnir, umgengni, handþvottur, hjálpartæki, heyrnartæki, gleraugu, stafur, hjólastóll, munnhirða, bleyja, uridom, þvagleki, smitgát, þvaggpoki.

Námsmat

Skriflegt og verklegt lokapróf, skýrsla um vettvangsheimsóknir.

FÉL 123 Félagsfræði

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Fjallað er um samfélagið, grunneiningar þess, þróun og áhrif á einstaklinginn. Lögð er áhersla á að nemandinn geti sett sjálfan sig, tengsl og samskipti við aðra í víðara samhengi og þannig áttað sig á hvernig samfélagið mótir líf hans og hvað gerir hann að virkum og ábyrgum þjóðfélagsþegn. Fjallað er um helstu hugtök sem notuð eru til að útskýra samfélagið með áherslu á menningu, félagsmótun, fjölskylduna, vinnumarkaðinn, stjórnmal og stjórnsýslu. Gerð er grein fyrir þeim mörgu og flóknu hlutverkum sem einstaklingurinn þarf að sinna á lífsleiðinni og snerta búsetu, frístundir, skóla og vinnustað, samhengi þeirra og mikilvægi. Farið er yfir þróun velferðarsamfélagsins. Komið er inn á aðild Íslands að ýmsum alþjóðasamtökum og samþykktum sem snerta þjónustu við aldraða, sjúka, börn og fatlaða.

Meginmarkmið

Markmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir innviðum og þróun íslensks velferðarsamfélags, þekki hlutverk og uppbyggingu helstu stofnana þess, átti sig á fjölbreytileika þess.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki þróun íslensks velferðarsamfélags
- ?? viti hvað menning er og hverjir eru grunnþættir hennar
- ?? þekki hugtakið fjölmenningsamfélag og inntak þess
- ?? þekki hugtakið félagsmótun og helstu félagsmótunaraðila í samfélaginu
- ?? hafi innsýn í félagsleg samskipti og hvernig staða einstaklingsins, hlutverk og félagshópur hefur áhrif á þau
- ?? kannist við þróun fjölskyldunnar á Íslandi og mismunandi fjölskyldugerðir samfélagsins
- ?? þekki jafnræðis- og jafnréttishugmyndir í samfélaginu
- ?? þekki stjórnskipulag á Íslandi og mismunandi stjórnsýslustig
- ?? þekki borgaraleg réttindi og skyldur einstaklingsins
- ?? þekki þróun helstu stofnana samfélagsins sem tengjast starfi félagsliða
- ?? eigi auðveldara með að setja sig í spor annarra einstaklinga og þjóðfélagshópa m.a. með tilliti til stöðu, hlutverks og fjárhags
- ?? geti unnið eftir þeim meginhugmyndum sem koma fram í lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðum um málefni notenda félags- og heilbrigðisþjónustu
- ?? geti greint, gagnrýnt og metið þjóðfélagsleg málefni og lagt þannig grunn að skilningi á þörfum mismunandi notenda þjónustunnar og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika mannlífsins
- ?? geti aflað upplýsinga um þjóðfélagsleg málefni, tengt þær og miðlað niðurstöðum til samstarfsfólks og þjónustuþega

Efnisatriði

Velferðarsamfélagið, stofnanir, viðmið og gildi, menning, fjölskyldugerðir, staða, hlutverk, búseta, frístundir, skóli, vinnustaður, félagshópur, félagsmótun, börn, aldraðir, fatlaðir, umönnun, stuðningur, mismunun, fordómar, frávik, fjölmenningsamfélag, stjórnkerfi, fulltrúalýðræði, sveitarfélög, ríki, lýðræðislegar ákvarðanir, almannatryggingar, lífeyriskerfi, félagsþjónusta, heilbrigðiskerfi, borgaraleg réttindi og skyldur, mannréttindasáttmálar, alþjóðasamtök og stofnanir.

Námsmat

Skriflegt próf þar sem reynir á þekkingu og skilning nemandans á efninu með áherslu á tengsl einstaklings og samfélags. Símat sem byggist á verkefnavinnu (munnleg og skrifleg verkefni).

FÉV 102 Félagsleg virkni

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Fjallað er um þróun frístundastarfs og hugmyndafræði þess kynnt, þ.m.t. kenningar í félagsálfræði og hugmyndir um vöxt og þróun einstaklingsins. Komið er inn á helstu hugtök og þjónustuleiðir á sviði frístunda m.a. innan heilbrigðis- og skólakerfisins og sveitarfélaga. Í þessu sambandi eru kynntir helstu frístundamöguleikar og nemendur örvaðir til skapandi hugsunar á því sviði. Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þörf þeirra og leiðir í frístundastarfi. Áhersla er lögð á að kenna nemendum að skipuleggja frístundastarf á sem fjölbreyttastan hátt með þarfir mismunandi einstaklinga að leiðarljósi, jafnframt því að kenna þeim að skynja og virða þarfir þeirra fyrir gefandi frístundastarf óháð heilsufari, hömlun, fötlun eða félagslegri stöðu.

Meginmarkið

Markmið áfangans er að nemendur læri um mikilvægi frístunda og hlutverk frístundastarfs í lífi einstaklingsins. Einnig að nemandi kynnist mismunandi leiðum til að nota það á markvissan hátt í uppeldis-, umönnunar-, meðferðar- og forvarnarstarfi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? geri sér grein fyrir vali á sértækum og almennum leiðum í frístundastarfi
- ?? þekki helstu kenningar og hugtök sem tengjast frístundafræðum
- ?? þekki dæmi um þjónustulíkön, t.d. forvarnar-, virkni- og meðferðarlíkön
- ?? þekki mikilvægi og umfang frístunda á mismunandi æviskeiðum og hvernig þær tengjast lífsstíl einstaklingsins
- ?? viti hvar frístundastarf fer aðallega fram í samfélaginu og á vegum hverra
- ?? þekki æskilegar aðstæður og aðbúnað fyrir frístundastarf, þ.m.t. lög og reglur um aðgengi
- ?? geri sér grein fyrir áhrifum heilsubreysts, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu á notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til frístundastarfs
- ?? geri sér grein fyrir mikilvægi frístunda í forvarnarstarfi
- ?? hafi yfirsýn yfir frístundamöguleika, t.d. sund, líkamsæfingar, gönguferðir, ferðalög, dans, leiklist, upplestur, tónlist, leiki, jarðrækt, safnaferðir, sjálfböðastarf, handavinnu, listsköpun, íþróttir og hestamennsku
- ?? þekki tilgang og helstu aðferðir til að meta virkni einstaklinga
- ?? þekki ferlið sem liggur að baki vali á einstaklingsbundnum leiðum og ákvarðanir þannig að þörfum notenda sé mætt
- ?? þekki og geri sér grein fyrir hlutverki samstarfsfólks og sérfræðinga við ákvarðanir um mismunandi áherslur í frístundastarfi og í þverfaglegu samstarfi
- ?? hafi innsýn í markmiðssetningu og eftirfylgni í frístundastarfi
- ?? geti skráð og aflað upplýsinga hjá notanda og samstarfsfólki um frístundavirkni einstaklinga með ólíkar þarfir og geti jafnframt miðlað slíkri vitneskju
- ?? geri sér grein fyrir mikilvægi fjölskyldu, vana og annarra aðila í nánasta umhverfi notenda á virkni í frístundastarfi

Efnisatriði

Frístundir og frístundafræði, almennar frístundir, frístundir í meðferðarskyni, félagsálfræði, líkams- og tilfinningalegur þroski, þjónustulíkön, sveitarfélög, heilbrigðiskerfi, skólakerfi, hamlanir, fötlun, mat, matsaðferðir, matsferli, aðstæður, búnaður, aðgengi, búseta, frístundir, skóli, vinnustaður, virkni, félagsleg virkni, frístundamöguleikar, þverfaglegt samstarf, frístundaáætlun, markmiðssetning, eftirfylgni, skráning, upplýsingaöflun, virkja, styðja, hvetja

Námsmat

Annars vegar skriflegt próf þar sem reynir á þekkingu og skilning nemandans á efninu með áherslu á hlutverk frístunda fyrir einstaklinga og hópa með mismunandi óskir og þarfir og leiðir til að ýta undir fjölbreytta frístundaiðkun. Hins vegar símat sem byggist á verkefnavinnu (munnleg og skrifleg verkefni).

FJF 103 Fjölskyldan og félagsleg þjónusta

Undanfari: UPP 122 , SÁL 123 og FÉL 123

Áfangalýsing:

Hugtakið fjölskylda er tekið fyrir og áhersla lögð á að nemandinn þekki helstu fjölskyldugerðir í nútímasamfélagi. Fjallað verður um þroskaferil fjölskyldunnar og fjölskyldan á mismunandi þroskastigum skoðuð. Fjallað verður um ólíkar félagslegar þarfir sem eru m.a. tilkomnar vegna áfengis- og vímuefnavanda, skilnaðar, fjárhagserfiðleika, ofbeldis og atvinnuleysis. Skoðuð verða tengslanet fjölskyldunnar. Félagssleg þjónustuúrræði sem snúa að fjölskyldum verða kynnt s.s. félagsþjónusta sveitarfélaga og ýmis úrræði á vegum ríkisins. Kynnt verður starfsemi ýmissa hagsmunasamtaka.

Meginmarkmið:

Að nemandinn þekki helstu fjölskyldugerðir, geri sér grein fyrir ólíkum félagslegum þörfum og viti hvert leita skuli eftir aðstoð sé hennar þörf. Kunni skil á félagslegum þjónustuúrræðum fyrir fjölskyldur og geti veitt upplýsingar um þau í sínu starfi.

Áfangamarkmið:

Nemandi:

- ?? viti hvað felst í hugtökunum fjölskylda og félagslegar þarfir
- ?? þekki helstu fjölskyldugerðir
- ?? hafi þekkingu á þroskastigum fjölskyldunnar
- ?? þekki helstu einkenni félagslegra þarfa
- ?? þekki áhrif félagslegra erfiðleika á fjölskylduna og þekki mikilvægi tengslaneta
- ?? þekki helstu þjónustuúrræði og geti veitt einstaklingum og fjölskyldum upplýsingar um þau

Efnisatriði:

Hugtök, félagslegar þarfir, fjölskyldugerðir, einhleypir, hjón, sambúðarfólk, fráskildir, ekkjur, ekkjar, samkynhneigðir, innflytjendur, tvítýngi, stjúp fjölskyldur, tengslanet, fjölskylda stofnuð, barnafjölskyldan, fjölskylda á miðjum aldri, hin aldraða fjölskylda, fósturforeldrar, þjónustuúrræði, vímuefnavandi, fjárhagserfiðleikar, ofbeldi, atvinnuleysi, vanræksla, afskiptaleysi, samskiptavandi, uppeldisaðstæður, hegðun, hugarstarf, tilfinningalíf, réttindi, lög, tilkynningaskylda og þjónustuúrræði.

Námsmat:

Námsmat skal byggja á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni, viðfangsefni og í vettvangsheimsóknum. Áhersla skal lögð á heildstætt mat þar sem þekkingu, færni og skilningi er gert jafn hátt undir höfði.

FOS 104 Fötlun og samfélag

Undanfari: FTL 103

Áfangalýsing:

Í áfanganum er rakin saga félagsþjónustu við fatlaða og hvaða breytingar hafa orðið í ljósi breyttra viðhorfa til fötlunar í tímans rás. Skoðaðar eru þær miklu breytingar sem verða á framkvæmd þjónustunnar þegar hugmyndafræðin um normun og blöndun var lögfest. Kynntar eru helstu skilgreiningar sem liggja að baki blöndun fatlaðra út í samfélagið. Fjallað er um þá þróun sem framkvæmd þjónustunnar þarf að feta sig eftir til þess að geta mætt þörfum notenda með viðunandi hætti. Kynntar verða mismunandi kenningar um eðli fötlunar, þ.e. hvort líta skuli á hana sem einstaklingsbundna ábyrgð eða hvort líta beri á fötlun og áhrif hennar sem ábyrgð samfélagsins í samspili við einstaklinginn. Skoðuð eru hugtök eins og sjálfshjálp og hvað það þýðir í reynd í framkvæmd þjónustunnar. Jafnframt er skoðað hvaða þættir það eru sem geta stuðlað að auknum lífsgæðum þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Lögð er áhersla á skoðun hinna ýmsu úrræða sem þjónustustofnanir bjóða upp á á

sviði búsetu, atvinnu, skóla og frístunda og hvernig hægt er að nálgast úrræðin með einstaklingsbundna þjónustubörf í huga.

Meginmarkmið:

Markmið áfangans er að nemendur þekki þær meginhugmyndir sem eru forsendur þjónustu við fatlaða í nútímasamfélagi. Að nemendur þekki lykilhugtök sem notuð eru í þjónustunni, og hafi þekkingu og færni til að geta veitt notendum þjónustunnar þann stuðning sem þeir þurfa til að geta notað viðeigandi þjónustuúrræði.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- ?? þekki helstu breytingar sem hafa orðið á stöðu fatlaðra í sögulegu ljósi
- ?? þekki helstu lög sem gilda um þjónustu við fatlaða, svo sem lög um félagsþjónustu og lög um málefni fatlaðra
- ?? hafi þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem byggir á normun og blöndun þeirra sem búa við fötlun í samfélaginu
- ?? hafi þekkingu á helstu atriðum einstaklingskenningarinnar (individual model) og félagskenningarinnar (social model) um eðli fötlunar
- ?? þekki hugmyndina um hjálp til sjálfshjálpar
- ?? þekki helstu forsendur lífsgæða sem lúta að líkamlegri, efnislegri, félagslegri og tilfinningalegri vellíðan ásamt þroska og virkni
- ?? þekki helstu úrræði á sviði búsetu svo sem vistheimili, sambyli, þjónustuíbúðir o.fl.
- ?? þekki helstu úrræði á sviði atvinnumála svo sem hæfingarstöðvar, verndaða vinnustaði, atvinnu með stuðningi ofl.
- ?? þekki helstu úrræði í menntun fatlaðra í almennum skólum og sérskólum
- ?? þekki helstu úrræði í frístundamálum, þ.m.t. þjónustu sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra
- ?? þekki helstu atriði í bótakerfi Tryggingastofnunar ríkisins
- ?? viti um starf helstu hagsmunasamtaka fatlaðra á Íslandi
- ?? geti notað lög um félagsþjónustu og lög um málefni fatlaðra í þágu notenda
- ?? geti beitt hugmyndum um normun og blöndun í reynd
- ?? þekki viðhorf sem birtast í einstaklingskenningunni og félagskenningunni
- ?? þekki mikilvægi sjálfshjálpar í þjónustu við fatlaða
- ?? sé fær um að leita grunnlausna á mismunandi þörfum fatlaðra fyrir þjónustu á sviði búsetu, atvinnu, skóla og frístunda
- ?? geti leiðbeint notendum um hvernig leita skuli úrræða í bótakerfi Tryggingastofnunar ríkisins
- ?? geti aðstoðað notendur við að nota þá þjónustu sem hagsmunasamtök fatlaðra bjóða upp á
- ?? geti aðstoðað notendur við að nota þá þjónustu sem réttindagæslumenn fatlaðra veita
- ?? hafi skilning á þeim viðhorfum sem einkennt hafa þjónustu við fatlaða
- ?? hafi forsendur til þess að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun
- ?? geti beitt gagnrýninni hugsun gagnvart framkvæmd þjónustunnar
- ?? hafi sjálfstæða afstöðu gagnvart framkvæmd þjónustunnar
- ?? virði manngildi þeirra sem nota þjónustuna

Efnisatriði

Saga félagsþjónustu, viðhorf, hugmyndafræði, normun og blöndun, þarfir notenda, lífsgæði, einstaklingskenningin, félagskenningin, sjálfshjálpar, búseta, atvinna, skóli, frístundir, einstaklingsbundin þjónustubörf, félags- og heilbrigðisþjónustan, svæðisskrifstofur, Tryggingastofnun, hagsmunasamtök, réttindagæsla.

Námsmat:

Námsmatið er skriflegt. Áhersla er lögð á að nemandinn sýni þekkingu og færni í grunnatriðum áfangans. Einnig er lögð áhersla á að viðhorf og viðmót gagnvart viðfangsefninu sé í samræmi við þá hugmyndafræði sem þjónustan byggir á.

FTL 103 Fötlun 103

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Hlutverk áfangans er að fjalla um helstu orsakir, greiningaraðferðir og þjálfunar- og meðferðarþarfir þeirra sem búa við fötlun. Lýst er ýmsum tegundum fötlunar sem getur verið líkamleg, andleg eða hvorutveggja og á sér ólíkar orsakir. Fjallað er um meðfædd frávik í taugabroska vegna erfðafræðilegra og annarra þátta. Einnig verður fjallað um afleiðingar áfalla sem valda fötlun í fæðingu, vegna sjúkdóma eða slysa eftir fæðingu, á unglingsárum eða á fullorðinsárum og áhrif þeirra á miðtaugakerfi, skynfæri og stoðkerfi líkamans. Fjallað verður um hvaða áhrif fötlun hefur á einstaklinginn og fjölskyldu hans á mismunandi æviskeiðum og mikilvægi réttar aðstoðar og stuðnings í því samhengi. Einnig verður fjallað um áhrif geðraskana á stöðu einstaklingsins.

Meginmarkmið:

Markmið áfangans er að nemendur þekki helstu orsakir fötlunar ásamt greiningaraðferðum og fái yfirlit yfir það hvernig mismunandi meðferðarþörfum er mætt. Jafnframt að nemendur öðlist skilning á áhrifum fötlunar á einstaklinginn og fjölskyldu hans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki helstu hugmyndir manna um fötlun og þróun í sögulegu ljósi
- ?? þekki helstu skilgreiningar á fötlun
- ?? þekki algengar raskanir hjá fötluðum
- ?? hafi vitneskju um helstu orsakir þroskahömlunar
- ?? þekki hvaða þættir það eru sem vekja grun um þroskaröskun af einhverju tagi í leikskóla, skóla eða á heimili
- ?? viti hvert leita skuli ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni
- ?? þekki helstu atriði er lúta að greiningu og markmiðum hennar
- ?? þekki helstu aðferðir sem notaðar eru við þjálfun og meðferð barna og unglunga
- ?? þekki helstu tegundir fötlunar
- ?? þekki þær stuðningsleiðir sem almennt eru notaðar þegar grunur um þroskafrávik vaknar
- ?? hafi skilning á viðbrögðum foreldra við því að eignast fatlað barn
- ?? beri virðingu fyrir fjölbreytileika manneskjunnar
- ?? sé fær um að veita foreldrum og aðstandendum stuðning

Efnisatriði

Orsakir, greiningaraðferðir, þjálfun, meðferðarþarfir, tegundir fötlunar, áföll sem valda fötlun á ýmsum aldurstigum, áhrif fötlunar á fjölskylduna og geðraskanir.

Námsmat:

Skriflegt próf sem reynir á þekkingu og skilning nemandans. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn sýni viðhorf í tímum sem byggja á virðingu og næmni fyrir áhrifum fötlunar á einstaklinginn sjálfan og fjölskyldu hans.

HBF 103 Heilbrigðisfræði 103

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Saga heilbrigðisfræðinnar er kynnt. Lagður er grunnur að þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum heilbrigðisfræðinnar. Fjallað er um hugtök eins og heilsu, sjúkdóma, innra og ytra umhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur meti eigin heilsu og þekki hvaða leiðir

þeir eiga að fara til að auka eigið heilbrigði. Áhersla er lögð á forvarnir og leiðir til að bæta heilbrigðisástand og efla heilbrigðisvitund.

Fjallað er um mismunandi heilbrigðis- og félagslegar aðstæður einstaklinga og rætt um áhrif þeirra á kynhvöt og kynlíf. Skoðað er mismunandi gildismat, viðhorf og viðbrögð við kynlífi. Fjallað er um meðgöngu og fæðingu. Gerð er grein fyrir breytingaskeiði karla og kvenna. Fjallað er um helstu vímuefni í umferð og áhrif þeirra á heilbrigðisástand einstaklinga. Gerð er grein fyrir helstu flokkum örvera, smitleiðir sýkla og varnir gegn sýkingum. Fjallað er um algenga sjúkdóma í nútíma samfélagi, orsakir þeirra og forvarnir. Farið er í mengunarvarnir og aðgerðir til að vernda umhverfið og lífríkið gegn mengun. Fjallað er um algengustu slysin í nútíma samfélagi og varnir gegn þeim. Vinnuvernd kynnt.

Lögð er áhersla á að nemandinn sýni sjálfstæði og frumkvæði í náminu og þá ekki síst að hagnýta sér þekkingu af ýmsum sviðum t.d. þekkingu í félagsfræði, sálfræði, líffræði og upplýsingatækni við úrlausn verkefna. Kennslan verður þannig jöfnum höndum fræðileg og verkleg, auk þess að byggjast bæði á sjálfsnámi nemandans og því sem kennarinn hefur fram að færa.

Meginmarkmið:

Að nemandi öðlist þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum heilbrigðisfræðinnar og kynnist forvörnum. Að nemandi kynni sér umræðu um heilbrigði, lífsvenjur og umhverfi og þekki áhrif og samspil þessara þátta á heilsu manna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar umfjöllunar um heilbrigði
- ?? geri sér grein fyrir áhrifum lífsvenja og umhverfis á heilsu manna
- ?? þekki og geti útskýrt fyrsta, annars stigs og þriðja stigs forvarnir
- ?? þekki og geti útskýrt hugtakið geðvernd
- ?? geti útskýrt hugtökin sýkingarhæfni (virulens), sjúkdómsvaldandi baktería (patogen), sýklalyf (antibiotika), og þekki uppbyggingu og fjölgun baktería, veira, frumdýra og sveppa
- ?? kynni sér ræktunaraðferðir örvera og þekki smitkeðju
- ?? þekki helstu forvarnir hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, álagssjúkdóma, beinþynningar, geðsjúkdóma
- ?? þekki einkenni algengustu kynsjúkdóma, meðferð þeirra og forvarnir
- ?? þekki helstu slysaástandur í umhverfi sínu og kynni sér leiðir til að fækka slysum
- ?? lýsi þeim þáttum sem hafa áhrif á kynhvöt barna, unglinga, fullorðinna og aldraðra
- ?? kynni sér algengustu rannsóknirnar sem gerðar eru á verðandi mæðrum
- ?? kynni sér og ræði mismunandi viðhorf einstaklinga til vímuefna
- ?? þekki helstu heilsufarsvandamál sem stafa af neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna
- ?? geri sér grein fyrir mikilvægi heilnæms umhverfis og þekki helstu mengunarvarnarleiðir
- ?? útskýri áhrif vinnuumhverfis á heilbrigði, þekki hugtakið vinnuvernd og kynni sér verksvið vinnueftirlitsins
- ?? hafi þekkingu á mikilvægi góðs aðbúnaðar á vinnustað og kynni sér lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- ?? kynni sér tryggingalöggjöfina, réttindi og skyldur borgaranna hvað hana varðar

Efnisatriði

Heilbrigði, heilsa, sjúkdómar, umhverfi, forvarnir, heilsuefling, ytra og innra umhverfi, áhættuþættir, mengun, áhrif lífsvenja á heilbrigði, samspil erfða, umhverfis og lífsvenja, geðrækt, kynhegðun, kynvera, tengsl, smitkeðja, smitleiðir, beint snertismit, óbeint snertismit, loftborið smit, úða og ryksmit, sýkingarhæfni (virulens), sjúkdómsvaldandi baktería (patogen), sýklalyf (antibiotika), baktería, veira, frumdýr, sveppir, víma, fíkn, ábyrgð, vinnuvernd, vinnuslys, slysavarnir, slys á heimilum, umferðarslys, slys í frístundum, gildismat, lífsgæði.

Námsmat

Matið getur byggt á verkefnavinnu. Meta má frumkvæði nemandans, sjálfstæði í vinnubrögðum og samstarfshæfni, færni í að afla sér upplýsinga og þekkingar á sjálfstæðan hátt, hæfni í að yfirfæra þekkingu af öðrum sviðum, t.d. félagsfræði, sálfræði og líffræði. Nemendur vinna dagbók og verkefnabók sem er liður í símati. Skyndipróf úr völdu námsefni.

HJÁ 101 Hjálpartæki

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Fjallað er um fötlun og áhrif hennar á líf einstaklings og fjölskyldu hans. Fjallað er um þau hjálpartæki sem að gagni kunna að koma. Nemandi kynni sér þær stofnanir sem selja og úthluta hjálpartækjum. Farið í hvernig það ferli er unnið og hvaða aðilar komi að því og hvernig sótt er um hjálpartæki. Nemandi fái innsýn í notkun hjálpartækja í starfi og geti aðstoðað viðkomandi við notkun þeirra.

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist reynslu af mismunandi leiðum til að afla gagna um hjálpartæki eins og á netinu og með heimsóknnum í stofnanir og fyrirtæki.

Meginmarkmið

Að nemendi geri sér grein fyrir mikilvægi réttar notkunar hjálpartækja. Að nemandi geti leiðbeint og stutt einstakling við að nota helstu hjálpartæki.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki til mismunandi fötlunar og fái innsýn í hvaða áhrif fötlun hefur á sjálfsmynd fólks
- ?? þekki viðhorf til aldraðra og fatlaðra og aðlögun einstaklings að breytingum vegna fötlunar og aldurs
- ?? þekki leiðbeiningar um framkomu við fólk sem orðið hefur fyrir áföllum
- ?? kynni sér hvaða gagna þurfi að afla til þess að fá hjálpartæki afhent og hvernig greiðslu þeirra skal háttáð
- ?? öðlist þekkingu á því hvernig fatlaðir, sjúkir og aldraðir geta fengið hin ýmsu hjálpartæki

Efnisatriði:

Þjálfun, heimili, vinna, tómsundur, internetið, hjálpartæki, áföll, Tryggingastofnun, Heyrnar- og talmeinstöðin, Blindrafélagið, akstursþjónusta.

Námsmat:

Unnið er verkefni um aðstæður fatlaðra og aldraðra einstaklinga og farið í vettvangsheimsóknir í hjálpartækjafyrirtæki. Kennir með fyrirlestur, heimsóknnum á stofnanir/ heimili fyrir aldraða og fatlaða. Verkefnavinna þar sem áhersla er lögð á kunnáttu í meðferð hjálpartækja.

HÚS 103 Hússtjórn og matreiðsla

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Nemendum er leiðbeint um umgengni í eldhúsum, notkun og frágang tækja og áhalda, kennt að ganga frá að loknu starfi. Fjallað er um algengustu hráefni sem notuð eru til matreiðslu. Nemendum eru kynntar allar þekktar matreiðsluaðferðir og þjálfaðir í notkun þeirra. Fjallað er um næringarefni, hlutverk þeirra, skortseinkenni og ráðlagða dagskammtar. Kennir er um flokkun fæðuteigunda og næringargildi þeirra, áhrif matreiðslu á næringargildi og uppbyggingu máltíða. Í áfanganum er einnig farið í þrif íbúðar, ræstingar og umgengni. Í áfanganum er nemendum einnig kennt skipulag og hagsýni við innkaup.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? kunni að matreiða undirstöðurétti í öllum fæðuflokkum
- ?? þekki til notkunar og umhirðu þeirra tækja sem notuð eru í eldhúsum, ásamt frágangi þeirra
- ?? kunni að matreiða hollan mat
- ?? öðlist færni í að hluta og nýta það hráefni sem matreitt er
- ?? viti um uppruna, meðferð og geymslu hráefnis
- ?? geti undirbúið og skipulagt starfið í eldhúsinu
- ?? geti ákveðið skammtastærðir miðað við fjölda rétta og hagrætt vinnu sinni miðað við aðstæður
- ?? þekki helstu næringarefni og viti í hvaða fæðutegundum þau er að finna
- ?? öðlist undirstöðuþekkingu á mismunandi sérfæði og útreikningi á næringargildi matseðla
- ?? þekki reglur um vörumerkingar matvæla og geti lesið innihaldslýsingar þeirra
- ?? geti ræst og haft umsjón með þrifum í heimahúsum
- ?? tileinki sér hagsýni og skipulag við innkaup til heimilis

LÍB 101 Líkamsbeiting

Undanfari: Enginn, samhliða LOL 102

Áfangalýsing

Tekin er fyrir líkamsbeiting, bóklegt og verklegt nám, vinnustellingar, lyftitækni. Lögð er áhersla á mikilvægi réttar líkamsstöðu.

Áfangamarkmið

Nemandi kunni réttar vinnustellingar við ólík störf.

LYF 113 Lyfjafræði félagsliða

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Fjallað verður almennt um lyf og þau hugtök sem notuð eru í lyfjafræði. Einnig er fjallað um stofnanir sem tengjast lyfjum og hvaða hlutverki þær gegna. Kennt verður um einstaka lyfjaflokka og lyf, áhrif lyfja á líkamann, frásog og aukaverkanir. Ýmis lyf og lyfjaform verða sýnd og meðhöndluð. Fjallað verður sérstaklega um meðhöndlun og geymslu lyfja og lyfjaforma. Tekin verða fyrir ýmis vandamál varðandi lyfjagjöf til sjúklingahópa eins og aldraðra og fatlaðra.

Markmið

Markmið áfangans er að nemandi þekki til helstu lyfjaflokka og áhrif þeirra á sjúkdóma. Að nemandi kunni að meðhöndla helstu lyfjaform samkvæmt notkunarfyrimælum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki hugtök eins og lyf, lyfjaform, lyfjagjöf, frásog, dreifing og útskilun lyfja

- ?? þekki til hvernig hinir ýmsu lyfjaflokkar verka og hvaða áhrif þeim er ætlað að hafa
- ?? kunni að nýta sér upplýsingar eins og sérlyfjaskrá og leiðbeiningabæklinga
- ?? þekki til stofnana eins og apóteks, heilsugæslu, Tryggingastofnunar og viti hvers konar upplýsingar og aðstoð þessar stofnanir geta veitt varðandi lyf
- ?? þekki til algengustu lyfjaflokka eins og hægðalyfja, magalyfja, hjartalyfja, verkjalyfja og geðlyfja og áhrif þeirra á sjúklinga
- ?? geri sér grein fyrir áhrifum aldurs og líkamsstarfsemi á lyfjameðferð og skammtastærðir
- ?? kunni að meðhöndla hin ýmsu lyfjaform og viti hvernig á að gefa þau og geyma og geri sér grein fyrir gildi þess að fara eftir notkunarfyrirmælum

Efnisatriði

Lyf, lyfjaform, tafla, stungulyf, húðlyf, endaparmslyf, innrennslislyf, innhellislyf, innöndunarlyf, lyfjagjöf, lyfjameðferð, skammtastærð, læknisfræðilegur stuðull, meðferðarfylgni, ofskömmtun, frásog, dreifing, útskilnun, niðurbrot, aukaverkun, milliverkun, viðtaki, efnaferli, dreifing, blokkari, enzym, blóðheilapröskuldur, boð, boðefni, hægðalyf, magalyf, hjartalyf, verkjalyf, geðlyf, öndunarfæralyf, Tryggingastofnun, apótek, lyfjaverð, lyfseðill, niðurgreiðsla, lyfjaskírteini, lyfjaskrá, merking lyfja, notkunarfyrirmæli, öldrun, fyrning, geymsla, meðhöndlun.

Námsmat

Gerð verkefna, skyndipróf og lokapróf.

NÆR 102 NÆRINGARFRÆÐI

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á næringarefnin, hlutverk þeirra, skortseinkenni og ráðlagða dagskammta. Fjallað er um flokkun fæðutegunda og næringargildi þeirra, áhrif matreiðslu á næringargildi og uppbyggingu máltíða. Manneldismarkmið Íslendinga eru kynnt. Nemendur læra að notfæra sér næringarefnatöflur og kanna eigin neyslu. Gerður er samanburður á næringarþörfum sérstakra hópa, s.s. íþróttafólks, barna og eldra fólks.

Áfangamarkmið

- ?? Nemandi þekki helstu næringarefni og viti í hvaða fæðutegundum þau er að finna
- ?? Nemandi þekki manneldismarkmið Íslendinga og geti valið sér fæðu þannig að manneldismarkmiðum sé fullnægt
- ?? Nemandi geti reiknað út næringargildi máltíða og dagsfæðis
- ?? Nemandi þekki reglur og vörumerkingar matvæla og geti lesið innihaldslýsingar þeirra

SÁL 123 Sálfræði

Samhliða: UPP 122

Áfangalýsing:

Kynning á þroskasálfræði, hugtökum hennar og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis í mannlegum eiginleikum. Helstu þroskakennningar kynntar. Fjallað um alhliða þroskaferil frá vöggju til kynþroska, einkum líkams- og hreyfiproska, vitsmunaproska, persónuleika- og málþroska. Einkum er fjallað um eðlilegan þroska en einnig lítillega um frávik og orsakir þeirra. Stiklað er á stóru varðandi þroskaferil frá og með kynþroska. Verkefnavinna taki mið af viðfangsefnum sem nemandi mun sinna í starfi sínu sem félagsliði.

Meginmarkmið:

Að nemandi þekki eðlilegan þroskaferil einstaklingsins allt æviskeiðið og sé fær um að mæta honum þar sem hann er staddur í sínum þroskaferli.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki helstu hugtök þroskasálarfræði
- ?? þekki helstu kenningar um þroska einstaklingsins
- ?? öðlist þekkingu á ólíkum þroskastigum manneskjunnar
- ?? þekki alhliða þroskaferil barna, svo sem vitsmunaproška, líkamsþroska, málþroska, persónuleikaþroska og siðferðisþroska
- ?? þekki helstu áfanga á þroskaferli fólks
- ?? fái skilning á fjölbreytileika mannlegrar hegðunar og tilfinninga og auki þar með umburðarlyndi sitt og víðsýni
- ?? átti sig á samhengi þroska og hegðunar einstaklingsins
- ?? átti sig á mikilvægi bæði líkamlegrar og andlegrar umönnunar og örvunar fyrir þroska einstaklingsins
- ?? geti stutt barnið í þroskaferli sínum og örvað það til frekari þroska
- ?? geti mætt einstaklingnum þar sem hann er staddur á þroskaferli sínum
- ?? búi yfir færni til að ræða um almennan þroskaferil mannsins

Efnisatriði

Þroskaferill, þroskasálfræði, erfðir og umhverfi, kenningar, líkamsþroski, vitsmunaproški, hreyfiþroski, persónuleikaþroski, málþroski, athyglisbrestur og örvun.

Námsmat

Hægt er að byggja hluta af matinu á hefðbundnum prófum. Námsmat skal að öðru leyti byggjast á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni, viðfangsefni og í vettvangsheimsóknnum.

SÁL 303 Afbrigðasálfræði

Undanfari: SÁL 123

Áfangalýsing

Ítarlega er fjallað um streitu, einkenni hennar, áhrif á heilsu og streitupól. Nemendur meta eigin streitu og skoða leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Hugtakið geðheilbrigði er skoðað svo og forvarnir í geðheilbrigðismálum. Nemendur fræðast um algengustu flokka geðrænna vandamála, orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferð. Þannig öðlast nemendur innsæi og skilning á aðstæðum og aðbúnaði geðfatlaðra. Nemendur kynna sér einnig hvar hægt er að fá aðstoð eigi þeir við geðræn vandamál að stríða. Viðhorf nemenda rædd með það fyrir augum að ýta undir virðingu, skilning og umburðarlyndi í garð geðfatlaðra. Nemendur gera ritgerð um geðsjúkdóm að eigin vali eða annað sem tengist efni áfangans. Mikil áhersla lögð á góða og fjölbreytta notkun heimilda og að leita heimilda sem varpa ólíku, jafnvel andstæðu ljósi á efnið. Í ritgerðinni skal setja fram spurningu og leitast við að svara henni með rannsókn fjölbreyttra heimilda.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki og sé meðvitaður um einkenni streitu
- ?? þekki leiðir til að vinna gegn streitu, hafi til dæmis þjálfast í að nota slökunaraðferðir
- ?? þekki skaðleg áhrif streitu og hvað hefur áhrif á streitupól fólks
- ?? viti að til eru viðurkennd flokkunarkerfi fyrir geðræn vandamál og geti greint einföld dæmigerð tilfelli samkvæmt þeim
- ?? geti gert grein fyrir einkennum, algengi, mögulegum orsökum og áhættuþáttum helstu

geðrænna kvilla: kvíðaraskana (fælni, árattu/bráhyggju o.fl.), lyndisraskana (einhverflyndi – þunglyndi og tvíhverflyndi – geðhæð/geðlæggð), geðrofaraskana o.fl.

- ?? þekki helstu meðferðarform, hugmyndafræði þeirra og aðferðir; þekki niðurstöður rannsókna á árangri þeirra og viti um erfiðleika við að bera þær saman
- ?? öðlist nokkra innsýn í það hvernig viðhorf til og meðferð geðsjúkdóma hefur breyst í gegnum tíðina
- ?? kynni sér aðbúnað geðfatlaðra og möguleika til mannsæmandi lífs
- ?? þjálfist í gerð rannsóknarritgerðar og dýpki í leiðinni þekkingu sína á einhverjum námsþætti
- ?? geti fjallað um muninn á geðheilbrigði og frávikum og þekki leiðir til að viðhalda eða bæta eigin geðheilsu og annarra, viti m.a. hvenær þörf er á að leita hjálpar og hvar er hægt að leita hennar
- ?? þekki lagalegar og siðfræðilegar reglur sem gilda um meðferð persónuupplýsinga
- ?? temji sér að sýna geðfötludum virðingu og skilning

Efnisatriði

Streita: streitueinkenni, streitumælingar, streituból, streituvarnir, slökun, áföll og áfallahjálpar.

Geðheilbrigði: skilgreining, forvarnir, sjálfshjálpar.

Flokkunarkerfi geðrænna vandamála (DSM 4): lyndisraskanir og geðklofaraskanir, kvíðaraskanir.

Meðferð geðrænna vandamála: sálkönnun, atferlismeðferð, hugræn meðferð, mannúðarsálfræði, lyf, lyfleysuáhrif.

Viðhorf til geðfatlaðra.

Námsmat

Eins og í öðrum sálfræðiáföngum er æskilegt að vægi skiptist jafnt á milli vinnu á námstíma og lokaprófs. Ritgerð gildi a.m.k. 20% til að leggja áherslu á mikilvægi hennar. Mat á annarri vinnu á önn getur verið margs konar: mat á hópvinnu, fyrirlestri, leikrænni tjáningu, þátttöku í umræðum, samvissusemi við heimavinnu, greinargerð um heimsókn á stofnun eða gestafyrirlestur, gerð vefsíðu og fleira. Dæmi um námsmat: lokapróf 50-55%, ritgerð 20%, 2-4 tímapróf 10-15%, verkefni 10-20%.

SAM 112 Samskipti

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Áfanginn fjallar um öll samskipti. Farið er í helstu hugtök í samskiptafræðum og fjallað um gildi og eðli samskipta. Fjallað er um hlutverk einstaklinga í samskiptum, stöðu þeirra og framkomu, um orðaval og setningaskipan. Fjallað er um líkamstjáningu og líkamsbeitingu í samskiptum. Tjáskiptaleiðir verða kynntar og þá sérstaklega við fatlaða. Í þessu sambandi verða benditákn s.s. BLISS, Pictogram og PCS, TEACCH tjáskiptaform kynnt. Innihald samskipta er rætt og farið yfir markmið með samskiptum. Fjallað er um viðtalstækni og hvernig samskipti geta stuðlað að sjálfstyrkingu notenda þjónustunnar, eftt sjálfstæði hans og vilja til að gera betur. Í þessu sambandi verður fjallað um jákvæða/neikvæða örvun, styrkingu og virka hlustun.

Í áfanganum er rætt um stöðu starfsmannsins í samskiptum við notendur þjónustunnar. Hvernig starfsmaður geti brugðist við ýmsu álagi og hvaða áhættuþættir eru í samskiptum. Í þessu samhengi verður fjallað um ákveðni í samskiptum og meðvirkni. Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðna meðal nemenda og gerð verkefna. Nemendur fara í heimsóknir og fá sýnikennslu í notkun aðferða og tækja í samskiptum. Gert er ráð fyrir gestafyrirlesturum um einstök málefni. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í umræðum og þjálfuð verða atriði í samskiptum.

Markmið

Markmið námsins er að nemandi hafi gott vald á samskiptum við notendur þjónustu og samstarfsmenn.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki til skynjunarferla
- ?? þekki til helstu samskiptaforma
- ?? þekki til hlutverka í samskiptum
- ?? hafi innsýn í spurningatækni
- ?? skilji gildi jákvæðs viðmóts í samskiptum
- ?? skilji gildi samvinnu í starfi
- ?? kunni skil á virkri hlustun
- ?? hafi innsýn í ýmsar tjáskiptaleiðir hjá fötluðum
- ?? kynni sér erfið samskipti
- ?? skilji hugtakið meðvirkni
- ?? þekki til helstu hjálpartækja í samskiptum
- ?? verði meðvitaður um líkamstjáningu
- ?? geti greint samskipti og atferli
- ?? hafi vald á jákvæðri/neikvæðri örvun og styrkingu
- ?? öðlist þjálfun í viðbrögðum og kynnist aðferðum í samskiptum við fatlaða
- ?? öðlist ákveðni í samskiptum
- ?? öðlist færni í að taka viðtöl
- ?? öðlist færni í að snúa óæskilegri hegðun notenda þjónustunnar til betri vegar

Efnisatriði

Samskipti, starf, samskiptaaðili, bein og óbein samskipti, tölva, líkamstjáning, líkamsbeiting, hlutverk, staða, orðaval, tjáskiptaleiðir, BLISS, Pictogram, PCS, TEACCH tjáskiptaform, markmið samskipta, samstarf, spurningatækni, sjálfstyrking, sjálfstæði, jákvæð/neikvæð örvun, styrking, virk hlustun, staða í samskiptum, áhættuþættir, ákveðni, meðvirkni, samskiptaform, skynjunarferli, jákvætt viðmót, samvinna, gagnvirk hlustun, erfið samskipti, hjálpartæki, atferli, viðbrögð, viðtal.

Námsmat

Verkefnaskil og þátttaka í umræðum. Mæting í fyrirlestra og heimsóknir. Kennari og prófdómari metur þekkingu og færni nemenda með viðtali

SFA 102 Samfélagsþjónusta aldraðra

Undanfari: ÖLD 105

Áfangalýsing:

Fjallað er um helstu stefnur í öldrunarmálum hérlendis og lög um málefni aldraðra. Kynnt verður þjónusta ríkis og sveitarfélaga fyrr og nú og hin ýmsu úrræði fyrir aldraða. Starfsemi helstu stofnana samfélagsins sem veita öldruðum þjónustu, ásamt lögum og reglugerðum sem sú starfsemi byggist á, verður kynnt. Nemandi kynni sér þá grunnþætti sem liggja til grundvallar vistun á sambýli, þjónustuhúsnæði, dvalar- og hjúkrunarheimilum. Vistunarmat kynnt og helstu ástæður fyrir notkun þess. Fjallað er um RAI mælitækið.

Meginmarkmið:

Meginmarkmið námsins er að nemandi kynni sér stefnur og lög í málefnum aldraðra og þekki þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita þeim. Þekki grunnþætti vistunarmats aldraðra.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- ?? kynni sér lög og reglugerðir um málefni aldraðra
- ?? kynni sér stofnanabjónustu fyrir aldraða og fatlaða í sveitarfélögum fyrr og nú
- ?? þekki stefnumótun í öldrunarmálum hérlendis
- ?? þekki til stuðningsþjónustu fyrir fólk í heimahúsum
- ?? geti gert greinarmun á sambýli, þjónustuíbúð, dvalarheimili og hjúkrunarheimili
- ?? þekki vistunarmat og kynni sér hvernig það er unnið

Efnisatriði

Stefnur og straumar í málefnum aldraðra, lög, reglugerðir, stofnanabjónusta, stefnumótun, stuðningþjónusta, sambýli, þjónustuíbúð, dvalarheimili, hjúkrunarheimili, vistunarmat.

Námsmat

Verkefni sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra. Einstaklingsverkefni (ritgerð). Hópverkefni.

SIÐ 122 Siðfræði

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um siði manna, lífsreglur og breytni þeirra í ljósi kennisetninga og frumreglna út frá ákveðnum meginsjónarmiðum. Þessi atriði kveða á um hvað hefur gildi og ber með sér verðmæti fyrir manninn. Með því að skoða helstu hugtök markmið og aðferðir siðfræðinnar öðlast nemandinn innsýn í eigin viðhorf og annarra. Það gerir hann betur í stakk búinn til þess að veita þjónustu sem er í samræmi við markmið þeirra starfa sem hann mun hafa með höndum. Fjallað er um helstu siðfræðikenningar, hvað það er sem mælir með þeim og hvaða gagnrýni þær hafa fengið. Kynnt eru nokkur siðferðileg álitamál sem koma upp í félags- og heilbrigðisþjónustu. Loks eru kynntar siðareglur ólíkra starfsstétta, tilgangur og markmið þeirra skoðuð og nemendur fá þjálfun í að rýna í þær frá mismunandi sjónarhornum. Lögð er áhersla á að viðfangsefnin taki mið af raunverulegum aðstæðum eftir því sem við verður komið.

Meginmarkmið:

Að nemandinn læri þau grunnatriði sem siðfræði byggir á, öðlist skilning á helstu hugtökum og markmiðum hennar og hafi færni til þess að nota þau við raunverulegar aðstæður. Mikil áhersla er lögð á virðingu fyrir einstaklingnum, þagnarskyldu og trúnað.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki helstu hugtök siðfræðinnar
- ?? þekki þau markmið sem siðfræði nútímasamfélags stefnir að
- ?? hafi vitneskju um nokkrar þær aðferðir sem notaðar eru í siðfræði
- ?? þekki helstu siðfræðikerfin og helstu rök með og á móti við notkun þeirra
- ?? geri sér grein fyrir þeim siðareglum sem almennt gilda í þjónustu við fólk og geri sér grein fyrir nokkrum þeim álitamálum/siðferðisvanda sem upp geta komið á því sviði
- ?? þekki þær leiðir/aðferðir sem nota má til þess að takast á við álitamál sem upp kunna að koma
- ?? hafi skilning á þeim þáttum sem skipta máli þegar leitað er lausna í siðferðilegum álitamálum með notendum félagsþjónustu
- ?? geti nýtt sér skilning á siðfræði við að leysa raunveruleg viðfangsefni
- ?? geti sett siðferðileg markmið gagnvart einstökum þáttum þess starfs sem þeir munu hafa með höndum
- ?? geti greint og notað helstu aðferðir siðfræðinnar við skoðun þess raunveruleika sem starf þeirra byggir á
- ?? geti gert sér grein fyrir mismunandi sjónarhornum gagnvart ýmsum þeim verkefnum sem upp koma almennt gagnvart notendum félags- og heilbrigðisþjónustu, þ.á m. búsetu- og atvinnuþjónustu

- ?? kunni að setja fram mál sitt með skilvirkum og upplýsandi hætti í siðfræðilegum álitamálum
- ?? hafi skilning á því hve miklu máli mikilvæg grundvallarviðhorf í félagsmálum skipta þegar veita á þjónustu
- ?? búi yfir skilningi á mikilvægi gagnrýnnar hugsunar um veitta þjónustu með því að meta stöðugt eigin framkvæmd og annarra
- ?? búi yfir jákvæðri grundvallarafstöðu til sjálfs síns og annarra
- ?? hafi skilning á mikilvægi þess að eiga gott samstarf við aðra í úrlausn þeirra verkefna sem upp kunna að koma á vinnustað
- ?? hafi trú á að framlag hvers og eins skiptir máli

Efnisatriði

Siðir, lífsreglur, breytni, kennisetningar, megin sjónarmið, gildi, breytni, hugtök, markmið, aðferðir, viðhorf, gagnrýni, siðferðileg álitamál, siðareglur, sjónarhorn, tilgangur, og skoðun í ljósi raunverulegra aðstæðna.

Námsmat:

Munnlegt próf þar sem reynir á þekkingu og færni nemandans. Lögð er áhersla á að nemandinn sýni með skýrum hætti viðhorf og viðmót gagnvart viðfangsefninu sem er í samræmi við þá hugmyndafræði sem þjónustan byggir á.

SKY 101 Skyndihjálp

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálp við bruna. Helstu höfuð-, háls- og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst- kvið- og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina- liðamóta- og vöðvaáverka. Kennit er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háaska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum, þar til hjálparfagfólks tekur við.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki þá hugmyndafræði sem skyndihjálpar byggir á
- ?? þekki og geti framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- ?? kunni að bregðast við yfirvofandi lostástandi
- ?? geti brugðist rétt við dauðadái
- ?? þekki og geti beitt hjartahnoði þegar það á við
- ?? þekki og geti beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- ?? þekki og geti metið helstu tegundir sára
- ?? þekki aðferðir til að meta brunasár og kunni að bregðast við bruna
- ?? þekki helstu höfuð-, háls-, og hryggáverka og geti veitt skyndihjálpar við slíkum áverkum
- ?? þekki helstu brjóst-, kvið-, og mjaðmaáverka og geti brugðist við þeim
- ?? þekki helstu beina-, liðamóta-, og vöðvaáverka og geti veitt skyndihjálpar við slíkum áverkum
- ?? kunni að spelka brot/tognanir
- ?? geti veitt skyndihjálpar við bráðum sjúkdómum
- ?? þekki helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geti veitt viðeigandi skyndihjálpar við slíkum áverkum

Efnisatriði

Aðskotahlutur, áfengiseitrun, bakáverkar, blástursmeðferð, blóðnasir, brunasár, beinbrot, eftirlit, endurlífgun, eitranir, flogaveiki, hálsáverkar, heilablæðing, hitakrampi, heilahristingur, hjartahnoð, hjartakveisa, kal, kransæðastífla, læst hliðarlega, meðvitundarleysi, ofhitnun, ofkæling, sár, slag, snjóblindu, stuðningsumbúðir, sykursýki, tilkynning, umbúðir, örmögnun, öryggi á slysstað.

Námsmat.

Bóklegt og verklegt lokapróf.

UMÖ 101 Umsjón og öryggi

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Markmið áfangans er að nemendur kynni sér samspil manns og umhverfis og læri að lesa í þær hættur sem leynast í umhverfinu og geti brugðist við þeim með ákveðnum hætti.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um umhverfið og einstaklingana í umhverfinu. Fjallað er um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, vinnuslys og vinnuvernd. Farið er í skipulag heimilis og vinnustaða. Kynntar eru þær fjölmörgu og mismunandi hættur sem leynast í umhverfi fólks og leiðir til að koma í veg fyrir slys og óhöpp. Farið er yfir öryggi á heimilum og vinnustöðum með áherslu á slys af völdum innanstokksmuna, innréttinga, rafmagns- og rafmagnstækja, elds, vatns, glers og eitrona af ýmsu tagi. Fjallað er um notkun öryggishnappa, útgönguleiðir og kennt að nota mismunandi tegundir slökkvitækja. Því næst er fjallað um hættur utan dyra. Farið er í viðbrögð við óhöppum og slysum og forvarnir gegn þeim. Leiðbeint verður um öryggisúttekt á nánasta umhverfi og rætt um hver beri ábyrgð á öryggismálum á hverjum stað. Fjallað er um varnarviðbrögð við ofbeldi og hvernig nálgast skuli árásgjarna einstaklinga. Farið er í framkomu, nálgunaraðferðir og viðbrögð.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- ?? þekki helstu tegundir slysa í heimahúsum, vinnustöðum og utan dyra.
- ?? viti til hvaða ráðstafana er hægt að grípa til að koma í veg fyrir slys og óhöpp.
- ?? þekki búnað til að koma í veg fyrir slys innan- og utanhúss sem taki mið af þörfum og aðstæðum notenda þjónustunnar.
- ?? skilji mikilvægi fræðslu til að fækka slysum og óhöppum.
- ?? þekki hvernig á að bregðast við slysum.
- ?? viti hvaða lög og reglugerðir gilda um öryggi og hollustuhætti á heimilum, vinnustöðum og annars staðar.
- ?? kynni sér lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, vinnuslys og vinnuvernd
- ?? geti framkvæmt öryggisúttekt á heimili.
- ?? þekki algengar tegundir af slökkvitækjum og kunni að nota þau.
- ?? geti metið þörf fyrir aðstoð.
- ?? þekki helstu varnarviðbrögð við ofbeldi.
- ?? þekki helstu aðferðir við að nálgast árásgjarna einstaklinga.

Efnisatriði

Umhverfi, aðbúnaður, vinnuvernd, slys, öryggi, slysavarnir, forvarnir, skipulag heimilis, innanstokksmunir, innréttingar, rafmagnstæki, reykskynjarar, slökkvitæki, hreinsiefni, eitrefni, geymsla á lyfjum og öðrum hættulegum efnum, réttur notenda, réttur starfsmanna, öryggisúttekt, öryggishnappar, öryggisfyrirtæki, nálgunaraðferðir, ofbeldi og áreitni, framkoma, klæðnaður, lög um vinnuvernd og vinnueftirlit.

Námsmat

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynni sér aðstæður fólks með vettvangsferðum og skrifi skýrslur um hættur sem leynast í umhverfinu og hvernig hægt er að koma í veg fyrir þær. Nemendur fá æfingu í að gera öryggisúttekt á heimilum. Mikilvægt er að þessi þáttur námsins sé ekki vanmetinn og því má haga námsmatinu þannig að þessi þáttur gildi helming af lokaeinkunn á móti skriflegu prófi í lok áfangans.

UPP 122 Uppeldisfræði

Samhliða: SÁL 123

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að nemandinn sé meðvitaður um tengsl milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða við uppeldi á börnum og ungmennum. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mismunandi viðhorf til uppeldis eru skoðuð í ljósi ólíkra viðhorfa til mannlegs eðlis. Skoðaðar verða valdar rannsóknir um uppeldisaðferðir foreldra og helstu áhrifavalda í lífi barnsins s.s. fjölskyldu, vini, fjölmiðla, leikskóla og skóla. Farið er í vettvangsheimsóknir til að skoða hvernig mismunandi uppeldisaðferðum er beitt í leik- og grunnskóla til að geta nýtt það við skipulagningu á starfi sínu sem félagsliði.

Meginmarkmið

Að nemandi þekki kenningar, helstu uppeldisaðferðir og kunni skil á þeim þáttum sem mestu máli skipta í mótun barnsins. Að nemandi sé fær um að koma að uppeldi annarra barna í starfi sínu sem félagsliði.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag
- ?? þekki mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis og verði meðvitaður um hvernig þau leiða til ólíkra hugmynda um gildi uppeldisaðferða
- ?? þekki hugmyndafræði og uppeldisaðferðir nokkurra viðurkenndra uppeldisfræðinga
- ?? geri sér grein fyrir eigin hugmyndum um uppeldi
- ?? hafi innsýn í og þekkingu á þörfum, hegðun, hugarstarfi og tilfinningalífi barna við ýmsar uppeldisaðstæður, viti hver réttur þeirra er samkvæmt lögum og hvaða stofnanir gæta réttar þeirra
- ?? viti hvert hægt er að leita ef grunur er uppi um vanrækslu eða ofbeldi gegn barni og hver tilkynningaskylda er samkvæmt lögum
- ?? geti starfað eftir settum uppeldismarkmiðum
- ?? þekki niðurstöður valinna rannsókna á uppeldisaðferðum foreldra
- ?? þekki niðurstöður valinna rannsókna um áhrifavalda í nærumhverfi barnsins
- ?? geti metið ólík sjónarmið til uppeldisaðferða og rökstutt mál sitt
- ?? geti nýtt sér helstu uppeldisaðferðir við uppeldi eigin barna og annarra

Efnisatriði

Uppeldi, uppeldisaðferðir, kenningar, áhrifaþættir, fjölskyldan, vinir, fjölmiðlar, leikskólar, grunnskólar, uppeldismarkmið, hugtök, einstaklingurinn, samfélagið, viðhorf, mannlegt eðli, rannsóknir og uppeldisfræðingar.

Námsmat

Próf. Námsmat skal að öðru leyti byggjast á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni eða viðfangsefni.

VÁS 102 Viðbrögð við áföllum og sorg

Undanfari: SÁL 123, SAM 112 og SIÐ 122

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um áföll, áfallastreitu, áfallahjálp, kvíða, kreppu, sorg og sorgarferli. Lögð er áhersla á að nemandinn skoði sjálfan sig og viðbrögð sín við sorg og áföllum. Einnig er fjallað um samskipti og leiðbeiningar gefnar um framkomu við fólk sem orðið hefur fyrir áföllum eða er í sorg.

Meginmarkmið:

Að nemandi þekki viðbrögð fólks við áföllum og sorg, kunni skil á viðeigandi framkomu við einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum og geti nýtt sér það í starfi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? þekki og skilji þau hugtök sem tengjast kenningum um áföll og sorg
- ?? þekki eðlileg viðbrögð fólks við áföllum og sorg
- ?? hafi skilning á sorgarferli
- ?? geri sér grein fyrir gildi samskipta við syrgjendur
- ?? þekki hvernig framkoma hans getur haft áhrif á líðan syrgjenda
- ?? geti komið á viðeigandi hátt fram við einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum eða eru í sorg

Efnisatriði

Áföll, áfallastreita, áfallahjálp, kvíði, kreppa, sorg, sorgarferli, viðbrögð, samskipti og framkoma.

Námsmat

Hægt er að byggja hluta af matinu á hefðbundnum prófum. Námsmat skal að öðru leyti byggjast á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni, viðfangsefni og í vettvangsheimsóknum.

VVM 101 Vinnan og vinnumarkaðurinn

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um vinnuna og vinnumarkaðinn í víðum skilningi. Fjallað er um sögu launavinnu og þróunar réttindamála á s.l. öld. Staða launamanna og verktaka. Vinnumarkaðurinn skoðaður frá sjónarhóli launþega og frá rekstrarlegu sjónarmiði. Þjóðhagslegar stærðir kynntar og fjallað um íslenskt hagkerfi og hvernig hagvöxtur hefur áhrif á þjóðarafkomu. Fjallað verður um kaupmátt launa. Fjallað er um hvernig þjóðartekjur skiptast og hvað sé velferðarsamfélag. Að nemandur læri um aðila vinnumarkaðarins og þær skilgreiningar sem liggja þar að baki. Til þess þurfa nemandur að fá innsyn í vinnulöggjöfina og þær stöðir sem vinnumarkaðurinn byggir á. Þannig þurfa nemandur að geta öðlast skilning á lífeyrisherfinu og tengingu þess við almannatryggingakerfið, þær launatengdu tryggingar sem launþegar njóta á vinnumarkaði og hvernig þær urðu til. Nemandur læra um réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði og hvernig nálgast megi upplýsingar um þessa málaflokka. Farið verður í heimsókn út á vinnumarkaðinn og rætt við framkvæmdaáðila um markmið þeirra. Efnið er kennt með fyrirlestur, umræðum, vettvangsheimsóknum og verkefnavinnu. Lögð er áhersla á að nemandur nýti sér reynslu sína af vinnumarkaðnum og sem launþegar og taki dæmi af því og beri saman við námsefnið. Í vettvangsheimsóknum er æskilegt að þeir kynni sér stærstu hagsmunasamtök launþega og vinnumarkaðarins. Verkefnavinna krefst

upplýsingaöflunar og vandaðra vinnubragða bæði í hóp og einstaklingsvinnu. Nemendur geta til viðbótar við hefðbundin kennslugögn leitað eftir upplýsingum á netinu þar sem flest félagasamtök og fjöldi fyrirtækja eru með mikið magn upplýsinga um vinnu og vinnumarkaðinn.

Meginmarkmið

Meginmarkmið áfangans er að grundvallarþættir íslensks vinnumarkaðar séu nemandanum ljósir og að nemandinn geti fjallað um vinnumarkaðinn og launamanninn af nokkurri þekkingu og átt auðveldara með að fóta sig á vinnumarkaðnum sjálfur.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? viti hvernig uppbyggingu íslensks vinnumarkaðar er háttað og hvaða reglur gilda um samskipti aðila á vinnumarkaði
- ?? þekki helstu reglur sem gilda um réttindi og skyldur á vinnumarkaði
- ?? þekki til meginatriða í kjarasamningum og uppbyggingar þeirra
- ?? geri greinarmun á launamanni og verktaka
- ?? kynni sér lífeyriskerfin
- ?? geti gert grein fyrir meginmarkmiðum launþegasamtakanna
- ?? kynni sér nýjungar á sviði starfsmannastjórnunar
- ?? kynni sér helstu rannsóknir í vinnurétti
- ?? kynni sér helstu áhrifavalda á vinnumarkaðinn
- ?? kynni sér reglur um trúnaðarmenn
- ?? þekki boðleiðir launþegans sem launamanns
- ?? geti gert grein fyrir áhrifum EES á vinnumarkaðinn

Efnisatriði

Grunnhugtök vinnumarkaðarins, vinnan, vinnuaflið, samningsréttur, laun, launatengd gjöld, íslenskt hagkerfi, kaupmáttur launa, hagvöxtur, þjóðartekjur, skattar, tryggingakerfið, atvinnuleysi og helstu samtök á vinnumarkaði.

Námsmat

Námsmat byggist á því hve vel markmiðunum er náð. Skrifleg próf eða vinnubók, einstaklingsverkefni og hópverkefni koma til greina í því skyni. Þekking á hugtökum og skilningur á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum launafólks skiptir miklu máli. Æskilegt er að lögð séu fyrir hópverkefni þar sem nemendur fá þjálfun í að breyta þessari þekkingu í umræðu um kjara- og vinnumarkaðsmál.

ÖLD 105 Öldrunarferli

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er öldrun skilgreind sem og fræðigreinin öldrunarfræði. Farið er yfir öldrunarferlið og helstu líkamlegar, sálrænar og félagslegar breytingar sem fylgja því að eldast. Farið yfir líkamlegar breytingar út frá líffærakerfum. Fjallað verður um hinar ýmsu félagslegu sem og sálrænu breytingar sem oft fylgja öldrun, starfslokum og breytingum á fjölskylduformi. Rætt verður um vanrækslu og ofbeldi í fjölskyldum. Fjallað verður um helstu kenningar sálfræðinnar og félagsfræðinnar um öldrunarferlið. Skoðuð verður staða aldraðra í nútímasamfélagi.

Meginmarkmið

Nemendur þekki öldrunarferlið og geti lýst þeim megin breytingum sem fylgja því að eldast.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? geti skilgreint hugtakið öldrun

- ?? kynni sér fræðigreininna öldrunarfræði
- ?? geti gert grein fyrir eðlilegu öldrunarferli
- ?? þekki helstu líkamlegar breytingar sem fylgja öldrun
- ?? þekki andlegar breytingar sem oft fylgja öldrun
- ?? þekki áhrif félagslegra þátta eins og missis, einmanaleika, starfsloka, breytinga á fjárhag, breytinga varðandi húsnæðismál, sem oft fylgja öldrun
- ?? þekki til hlutverkamissis við það að eldast
- ?? þekki frávik frá eðlilegu öldrunarferli
- ?? kynnist helstu réttindamálum aldraðra
- ?? kynni sér og skoði hugtakið sjálfræði aldraðra
- ?? þekki viðhorf til og umhverfi hinnar öldruðu fjölskyldu

Efnisatriði

Öldrunarfræði, öldrunarferli, blóðrás, öndun, melting, skynfæri, ónæmiskerfi, kynfæri, þvagfæri, stoðkerfi, skert minni, hægari hugsun, svefntruflanir, missir, einmanaleiki.

Námsmat.

Nemendur færi dagbók og verkefnabók sem er liður í símati. Lokapróf.

Vinnustaðanám

Áfangalýsing

Fjögurra mánaða starfsþjálfun skal fara fram á stofnunum sem skólinn viðurkennir. Starfsþjálfun nemanda er í umsjón kennara viðkomandi skóla og leiðbeinanda á stofnun. Kennari sækir um starfsþjálfunarpláss í samráði við nemanda. Menntastofnun gerir samning fyrir hönd nemanda við atvinnurekanda um starfsþjálfun. Í samningi er nánar tiltekið um lengd vinnutíma, lengd samnings og skyldur atvinnurekanda, nema og menntastofnunar. Í samningi skal einnig koma fram hvernig fara skuli með ágreining sem upp kann að koma. Um nemanda gilda almennar reglur um skyldur á vinnumarkaði hvað varðar vinnutíma, klæðnað, mætingu og öryggisreglur. Kennari og sá aðili innan stofnunar sem hefur tekið að sér að vera leiðbeinandi nemans leitast við að hafa gott samráð um flest er lýtur að framkvæmd starfsnámsins með hagsmuni nemandans að leiðarljósi. Ætlast er til að nemandi fái tækifæri til að kynnast sem flestum störfum félagsliða á starfsþjálfunartímabilinu. Því er æskilegt að starfsþjálfunin fari fram á mismunandi starfsvettvangi félagsliða.

Meginmarkmið

Að nemandi fái tækifæri til að beita þekkingu sinni úr námi og fái verklega þjálfun í störfum félagsliða við raunhæfar aðstæður undir handleiðslu reynds leiðbeinanda.

Áfangamarkmið

Nemandi

- ?? kynnist starfssviði, réttindum og skyldum félagsliða
- ?? þjálfist í störfum félagsliða skv. starfslýsingum
- ?? geri sér grein fyrir mikilvægi trúnaðar og góðra samskipta fyrir vellíðan sinna skjólstæðinga
- ?? geti komið fram af öryggi gagnvart skjólstæðingum og samstarfsfólki og virði aðrar starfsstéttir, þekkingu þeirra og störf
- ?? geti unnið í samstarfi við aðra
- ?? geti ráðað verkefnum sínum í forgangsröð

Efnisatriði

Aðstoð og umönnun, heimilisstörf, matreiðsla, þrif, umbúnaður, andleg aðhlyning, eftirlit, yfirseta, félagsleg þjálfun, samvera, stuðningsviðtöl, virkni, þverfaglegir fundir, fyrirmynd, frágangur á deild, tiltekt, bítibúr, öryggismál, eftirlit með lyfjatöku, kynning, jákvæður starfsandi, virðing og traust, námstækifæri, þróunarverkefni, skráning upplýsinga, vaktaskýrsla, vinnuumhverfi, vinnustaðurinn.

Námsmat

Nemendur vinna dagbók og verkefnabók sem er liður í símati. Matið byggist að öðru leyti á verkefnaskilum og umsögn leiðbeinanda um starfsnámið.